

**From:** Margrét Harpa Garðarsdóttir  
**Sent:** Wed, 5 Jul 2023 14:42:07 +0000  
**To:** skeidgnup@skeidgnup.is  
**Subject:** Birnustaðir 1, landnr. 166437  
**Attachments:** 20230705144518448.pdf

Góðan dag

Í dag barst embætti lögreglustjóra erindi Ólafar Hafliðasonar og Jónu Þórunnar Ragnarsdóttur, eigenda jarðarinnar Birnustaða 1 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, með beiðni um smölun ágangsfjár, með vísan til 2. mgr. 33. gr. laga nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallaskil o.fl. Með erindinu fylgdi afrit bréfs dags. 15. júní sl., sem samkvæmt efni var beint til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sbr. meðfylgjandi skjal, þar sem þess er óskað að sveitarstjórn hlutist til um smölun búfjár af heimalandi Birnustaða 1, með vísan til 1. mgr. 33. gr. sömu laga.

Í erindi því sem nú hefur verið beint til lögreglustjóra er á því byggt að framangreindri beiðni þeirra til sveitarstjórnar, dags. 15. júní sl., hafi ekki verið sinnt af sveitarstjórn.

Með vísan til hlutverks lögreglustjóra samkvæmt tilvísaðri 2. mgr. 33. gr. laga nr. 6/1986, er óskað eftir staðfestingu á að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafi móttakið tilvísað og meðfylgjandi erindi frá landeigendum Birnustaða 1, og ef svo er þá í hvaða farvegi erindi þeirra er hjá sveitarstjórn og / eða hvort við því hafi verið brugðist með einhverjum hætti.

**Margrét Harpa  
Garðarsdóttir**

Aðstoðarsaksóknari / Staðgengill  
lögreglustjóra  
Ákærusvið

[mhg01@logreglan.is](mailto:mhg01@logreglan.is)

**Lögreglustjórinn á  
Suðurlandi**

Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvelli

[sudurland@logreglan.is](mailto:sudurland@logreglan.is)  
4442000



---

UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

 Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the

**environment before printing**